

Skipulag íþróttahúsa vegna þorablóta

Þrjú þorablót eru haldin í íþróttahúsum Rangárbings ytra á hverju ári; tvö á Laugalandi og eitt á Hellu. Þorablótin eru stórir viðburðir sem íbúar bíða spenntir eftir á hverju ári. Nefndir vinna mikla sjálfboðavinnu við framkvæmdina og þurfa tíma til að setja allt upp og ganga frá öllu sem tengist blótunum. Undanfarin ár hefur verið reynt að vinna með ýmsar lausnir við afhendingu íþróttahúsa með tilliti til allra aðila sem nota húsin; íþróttafélaga, eldri borgarar og skólaíþróttasvo eitthvað sé nefnt. Þetta hefur að mestu leyti gengið vel en árekstrar hafa komið upp á milli aðila sem nota húsin og uppsetningu blóta. Til að tryggja að allir aðilar séu með sömu upplýsingar varðandi blótin er lagt til að eftirfarandi reglur verða samþykktar svo skólar, íþróttafélög og aðrir notendur íþróttahúsa geti gengið út frá þeim við gerð dagatala sinna.

Reglur fyrir íþróttahúsið á Laugalandi

- Lagt er til að þorablótsnefndin fái fullan aðgang að íþróttahúsinu klukkan 16:00 á fimmtudegi fyrir blót og að frá þeim tíma falli öll regluleg starfsemi hússins niður hjá öllum öðrum aðilum sem nota húsið þar til á mánudeginum eftir blót.
- Nefndin hefur til kl. 16:00 á sunnudegi eftir blót til að ganga frá og skila húsinu af sér í samstafi við starfmenn íþróttahússins.

Reglur fyrir íþróttahúsið á Hellu

- Lagt er til að þorablótsnefndin fái fullan aðgang að íþróttahúsinu klukkan 16:00 á miðvikudegi fyrir blót og að frá þeim tíma falli öll regluleg starfsemi hússins niður hjá öllum öðrum aðilum sem nota húsið þar til á mánudeginum eftir blót.
- Nefndin hefur til klukkan 17:00 á sunnudegi eftir blót til að ganga frá og skila húsinu af sér í samstafi við starfmenn íþróttahússins.